

Lög

um

breytingu á lögum um útflutning hrossa 22. nóv. 1907.

Nr. 47.

3. nóv.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Í stað 2. málslíðar 2. gr. (»Hross má eigi flytja . . . til ágústmánaðarloka«) komi:
Hross má eigi flytja frá Íslandi til útlanda á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní,
og eigi á þilfari á öðrum tíma árs en frá miðjum júní til ágústmánaðarloka.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

Lög

um

breytingu á lögum nr. 33, 2. nóv. 1914, um breytingu á
sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Nr. 48.

3. nóv.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Annar málslíður 1. greinar orðist svo:

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem
verslun eða einhver kaupskapur, eða þilbátaútgærð, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar,
þótt ekki sje rekin nema 8 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarstaðar. Á hval-
veiði, síldveiði með nót, á atvinnu útlendra skipa við verkun á síld á höfnum inni eða